



List

၁၀

၁၀၀၀၀၀၀၀၀

Landamærin eru enn til staðar

Í daglegu lífi erum við alltaf að ganga á veggjum, reka okkur á og stoppa okkur af. Flestir þessara veggja eru óþarfir og tilgangslausir. En það er jafnvel enn verið að reisa nýja veggjum, hærri múra og fleiri landamæri.

Hátíðin List án landamæra miðar að því að brjóta niður þessa veggjum, losa okkur við landamærin og þröskuldana. Á nokkrum árum hefur náðst aðdáunarverður árangur á því sviði að koma á samvinnu fatlaðs fólks og ófatlaðs. Samvinnu á jafnréttisgrundvelli þar sem hver lærir af öðrum, horfir í kringum sig og sér hvernig aðrir gera hlutina og hvernig hægt er að gera þrátt fyrir ótal hindranir. Því ef einhverjum finnst lífið vera flókið sem ófatlaður einstaklingur ætti sá sami að setja sig í spor fatlaðrar manneskju sem hefur enn hærri hindranir til að klífa yfir, fleiri þröskulda til að takast á við, enn fleiri múra til að brjóta niður og landamærahlíð til að fara í gegnum.

Listin er afar ákjósanlegur miðill til að brjóta niður múra og afnema landamæri. Skapandi starf þekkir engin takmörk og hugmyndir geta blómstrað án hafta. Hvernig við nýtum þetta skapandi starf er svo undir okkur sjálfum komið. Með þátttöku fjölbreyttra listgreina, ólíkra einstaklinga með mismunandi hugmyndir er hægt að hrinda nýjum hlutum af stað, auka samskipti og samvinnu og þá skiptir að lokum engu máli hvort um ófatlað eða fatlað fólk er að ræða. Listin hvetur til skoðanaskipta, að hlustað sé á sjónarmið annarra og tekið tillit til fleiri hugmynda. Ef vel tekst til getur ferlið sjálft verið listaverkið.

Fyrir áhorfendur, aðnjótendur listsköpunarinnar, er einnig mikilvægt að sjá þann kraft sem leysist úr læðingi þegar listamenn af öllum toga koma saman, listamenn sem oft eiga ekki auðvelt með að koma verkum sínum á framfæri og reka sig á veggjum eða landmæri. Það gefur okkur von og trú og staðfestingu á því að þessi landamæri séu óþörf og aðeins til þess gerð að flækja málin.

Enn eigum við langt í land í okkar velferðarkerfi að allir geti staðið jafnfætis en vonandi miðar okkur eitthvað áfram á þeirri vegferð. Hátíðin List án landamæra gefur að minnsta kosti tóninn og sýnir okkur öllum hvernig samvinna á sviði lista getur orðið til að opna augu þeirra sem vilja sjá. Hvernig fjölbreytnin í mannlífinu getur verið kostur sem nýtist okkur til meira umburðarlyndis og einnig til nýrra uppgötvana. Ef það tekst þá er stórum áfanga náð.

Til hamingju með List án landamæra!

Hlynur Hallsson, myndlistarmaður

Höfuð-borgar-svæðið 2-4

Austur-land 5

Vestur-land 6

Suður-nes 7

Suður-land 8

Norður-land 9-10

Frítt er á alla viðburði
hátíðarinnar og eru
allir velkomnir!

Stjórn Listar án landamæra mynda:
Aileen Svendsdóttir formaður Átaks,
Ása Hildur Guðjónsdóttir fulltrúi
Öryrkjabandalags Íslands,
Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri
Þroskahjálpar, Helga Gísladóttir
deildarstjóri hjá Fjölmenn og
Jenny Þórkatla Magnúsdóttir
yfirþroskaþjálfari Hins Hússins.
Viðar Jónsson er framkvæmdastjóri
hátíðarinnar.

Forsíðumynd eftir Kristinn Þór Elíasson
Grafísk hönnun: Jóhanna H. Þorkelsdóttir
www.listanlandamaera.blog.is

Höfuð-borgar-svæðið

Reykja-vík, Kópa-vogur,
Hafnar-fjörður og Mos-fells-bær

29. apríl, fimmtu-dagur

Hetjur og brauð á Mokka

Mokka, Skóla-vörðu-stígur 3a

Tími: 15:00 (3)

Kristinn Þór Elíasson og Elín Anna Þórisdóttir sýna málverk og ljósmyndir. Skrímslabanar, innrammað brauð og fögur líkamsform mæta gestum á kaffihúsinu. Kristinn sýnir vöðvastæltar hetjur og ófreskjur úr fantasíuheimi sínum. Elín spilar með hreyfingar holdsins og leyndarmálin í brauðinu.

Opnunar-hátíð

Listar án landa-mæra

Ráð-hús Reykja-víkur

Tími: 17:00 (5)

Katrín Jakobsdóttir Menntamálaráðherra setur hátíðina. Valur Geislaskáld les úr verkum sínum. Margrét Eiríksdóttir úr Blikandi Stjörnum tekur lagið. Skúli Steinar Pétursson les upp úr lífandi bók. Hópurinn Gjóla og Meistararnir flytja gjörninginn „Fjarðarafok í logni“. Hópin skipa: Anna B. Helgadóttir, Andri Vatnar, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Elísa F. Grétarsdóttir, Harpa Arnardóttir, Íris H. Kærnested, Íris Ósk Sigurðardóttir, Stefán Hansen Skúlason, Ólöf Bjarnadóttir og Tómas Hajek. Í gjörningnum koma einnig fram Karítur Íslands undir stjórn Hilmars Arnars Agnarssonar. Linda Rós Pálmadóttir syngur við píanóundirleik. Haffi Haff og söngvarar úr Ung-Topp stíga á svið. Kynnar eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Sigríð Husjörd.

Sam-sýning í Austur-sal

Ráð-hús Reykja-víkur

Tími: 17:00 (5)

Fjölmarkt ólíkt listafólk sýnir í Ráðhúsinu.

Sýnendur eru:

Arnbjörg Kristín Magnúsdóttir, Ásta Hlöðversdóttir, Björk Gunnarsdóttir, Freddy Martinsdóttir Hesselmann, Gígja Thoroddsen, Guðmundur Brynjólfsson, Halldór Stefánsson, Helena Dögg Arnardóttir, Helga Línberg, Marteinn Jakobsson, Mikkalína Friðriksdóttir, Jannick Kjeldal, Ólafur Sveinberg, Ólavía Ágústsdóttir, Snorri Ásgeirsson, Sóley Traustadóttir og Þórður Þórðarsson.

Frá lögubergi koma Anna Borg Waltersdóttir, Linda Rós Lúðvíksdóttir og Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir en þær eru með tvö verk sem þær unnu saman. Stórt veggverk sem er samvinnuverkefni allra á Lækjarási verður til sýnis. Verkið byggir á ljóði eins úr hópnum, Auðuns Gestssonar. Einnig mun stór hópur frá Gylfaflöt taka þátt og sýna 10 fótaskemla í tilefni af 10 ára afmæli Gylfaflatar.

30. apríl, föstu-dagur

Hvernig sérð þú heiminn?

Kaffi Rót, Hafnar-stræti 17

Tími: 15.00 (3)

Skyn, félag nemenda með sértæka námsörðugleika, heldur sýningu á Kaffi Rót þar sem tveir meðlimir félagsins munu sýna verk sín. Á sýningunni gefst tækifæri til þess að upplifa sýn þeirra á heiminn og umhverfið með óvenjulegri og litríkri listrænni nálgun þeirra á viðfangsefninu.

Sýnendur eru Ólafur Arason og Freddy Martinsdóttir Hesselmann og mun sýningin standa til 30. maí. Boðið verður uppá upplestur og tónlist á sýningunni 11. 12. og 13. maí.

1. maí, laugar-dagur

Geð-veikt kaffi-hús og

handverks-markaður

Hitt Húsið, kjallari, Pósthús-stræti 3-5

Hjólástóla-inngangur er Hafnar-strætis megin.

Tími: 13:00 – 17:00 (1-5)

Hugarafi sér um Geðveika kaffihúsið og býður uppá valdeflandi bakkelsi, seiðandi söng og klikkað kaffi í létrri jazzsveiflu. Á handverksmarkaðnum má sjá og kaupa glæsilegt handverk, m.a. frá Ásgarði, Bjarkarási, Gylfaflöt, og lögubergi.

2. maí, sunnu-dagur

Hönnunar-sýning í Norræna

Húsinu, Norræna Húsið,

Sturlu-götu 5

Tími: 16:00 (4)

Sýnd eru verkefni eftir nemendur á Myndlista- og hönnunarsviði Myndlistaskólans í Reykjavík í samstarfi við Lyngás. Nemendur heim sóttu Lyngás og kynntust starfi og aðstæðum. Eftir heimsóknina var lagst í hugmyndavinnu, þar sem margir áhugaverðir fletir voru kannaðir m.a. út frá hönnun á húsgögnum, stoðtækjum, leikföngum, fatnaði og myndverkum. Á sýningunni gefur að líta verk eftir fjóra nemendur, en þau eru Eva Arnfríður Aradóttir, Hjörtur M. Skúlason, Sigríður Þóra Óðinsdóttir og Ragna S. Bjarnadóttir.

Viðburðir Listar án landamæra 2010 á höfuðborgarsvæðinu

3. maí, mánu-dagur

Dagur og Nótt

Borgar-bóka-safn Reykja-víkur,
Tryggva-gata 15

Tími: 15:00 (3)

Á sýningunni eru myndir sem urðu til í samvinnu barna frá frístundaheimilunum Guluhlíð og Sólbúum.

Forvitnilegt er að skoða myndirnar þar sem hægt er að sjá túlkun barnanna á andstæðunum degi og nótt. Sýningin mun standa til loka maímánaðar.

Tón-leikar Fjöl-menntar í Salnum

Salurinn, Kópa-vogur

Tími: 18:00 (6)

Á tónleikunum koma fram nemendur sem stundað hafa tónlistarnám hjá Fjölmennit í vetur. Dagskráin er fjölbreytt og fram koma hljómsveitir, einleikarar og einsöngvarar.

4. maí, þriðju-dagur

Sam-sýning á Reykja-víkur-torgi

Borgar-bóka-safn Reykja-víkur,
Tryggva-gata 15

Tími: 17:00 (5)

Sýning starfsbrautar FG á Reykja-víkur-torgi Borgarbókasafnsins. Nemendur starfsbrautar Fjölbautaskólans í Garðabæ sýna fjölbreytt úrval verka sem þeir hafa unnið að í vetur og má þar sjá m.a. myndbandsverk, klippimyndir, virverk og grafík.

Sýnendur eru: Aron Ragúel Guðjónsson, Egill Steinþórsson, Haraldur Jóhann Haraldsson, Hringur Úlfarsón, Jakob Alexander Aðils, Jóhann Theodór Þórðarson, Jónatan Nói Snorrason og Tara Þóll Danielsen. Kennari er Sari Maarit Cedergren.

5. maí, miðviku-dagur

Lækjar-litir í Hafnar-borg

Hafnar-borg, Strand-gata 34
Hafnar-fjörður

Tími: 14:00 (2)

Samsýning myndlistafólks frá Læk í veitingasölu Manns lifandi í Hafnarborg. Markmið Lækjar er að auka lífsgæði fólks sem átt hefur við sálræna eða geðræna erfiðleika að etja með því að draga úr félagslegri einangrun og styrkja þannig andlega og líkamlega heilsu. Frá upphafi hefur verið lögð mikil áhersla á listir og haldin eru námskeið í myndlist á hverju ári. Sýnendur eru: Guðrún Guðlaugsdóttir,



Gyða Ólafsdóttir, Kristinn Þór Elíasson, Jónína Pálsdóttir, María Strange, Smári Eiríksson og Svava Halldórsdóttir. Sýningunni lýkur þann 13. maí.

Söng-keppni Tipp-Topp

Hitt Húsið, kjallari

Pósthús-stræti 3-5. Hjólastóla-inn-gangur er Hafnar-strætis megin

Tími: 17:00 (5)

Tipp Topp, félagsmiðstöð fyrir fatlaða heldur sína árlegu söngkeppni. Gefin verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin, ásamt því verða veitt verðlaun fyrir flottasta búningin og flottasta atriðið. Síðasti dagur skráningar í keppnina er fimmtudagurinn 29. apríl.

6. maí, fimmtu-dagur

Allir hafa hæfi-leika

Menningar-miðstöðin Gerðu-berg,
Gerðu-berg 3-5

Tími: 14:00 (2)



Listahópur lðjubergs sýnir myndlist, handverk og listmuni í Boganum.

Tuttugu og fjórir þátttakendur eru í sýningunni, en á henni má sjá fjölbreytt verk unnin af miklu listfengi, áhuga og eljusemi. Málverk, teikningar, mósaík, þæfing og vefnaður eru meðal þess sem fyrir augu ber. Umsjónarmaður listahópsins er Sigurlaug Helga Jónsdóttir. Sýningin er opin á opnunartíma Gerðubergs og mun standa til 30. júní. www.gerduberg.is

7. maí, föstu-dagur

Vinnu-stofa

Hoffmanns-gallerí,

Reykja-víkur-akademían, 4. hæð,
JL-húsið, Hring-braut 121

Tími: 17:00 (5)

Á sýningunni eru verk eftir 7 listamenn sem hafa unnið í nokkurs konar vinnustofu í Myndlistaskólanum í Reykjavík í vetur. Myndefni og vinnuaðferðir listamannanna eru mjög fjölbreytt og spegla persónuleika og sýn þeirra á lífið og umhverfi sitt.

Sýnendur eru: Guðmundur Stefán Guðmundsson, Ragnar Már Ottósson, Ingi Hrafn Stefánsson, Gréta Guðbjörg

Zimsen, Sigurður Reynir Ármannsson, Elín S. M. Ólafsdóttir og Halldóra Jónsdóttir. Leiðbeinandi er Kristinn G. Harðarson. Sýningin er opin alla virka daga frá 9:00 - 17:00 og stendur fram eftir sumri.

8.maí, laugar-dagur

**Tón-leikar í Elliðaár-dal
Gler-húsið við Minja-safn
Orku-veitu Reykja-víkur,
Raf-stöðvar-vegur 9**

Tími: 11:00

Kór Orkuveitunnar býður okkur í Elliðaárdalinn þar sem hann mun flytja tónleika ásamt sönghóp frá Öskjuhlíðarskóla. Opið verður í Minjasafninu og gömlu virkjuninni og býðst gestum tækifæri til þess að skoða sig um á staðnum.

**Menningar-dagskrá án landa-mæra
Norræna Húsið, Sturlu-gata 5
Reykja-vík**

Tími: 14:00 (2)

Boðið verður uppá ljóðlestur, tónlist og aðrar uppákomur. Fram koma: Blikandi Stjómur, Valur Geislaskáld, söngnemar frá söngskóla Sigurðar Demetz, Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir og Ólafur Beinteinn Ólafsson auk hjónsveitanna Plútó og Hraðakstur Bannaður. Kynnir er Magnús Korntop.

10. maí, mánu-dagur

**Trúba-dora- og þjóðlaga-kvöld Átaks
Café Rósen-berg, Klappar-stígur 25**

Tími: 20:00 (8)

Tónlistardagskrá í boði Átaks – félags fólks með proskahömlun.

Fram koma: Magnús H. Sigurðsson, Myrra Rós, Ólafur Lárusson, Pétur Ben og Magnús Korntop auk dúettsins Pikknikk sem skipaður er Sigríði Eyþórsdóttur og Þorsteini Einarssyni.

Ýmsar uppákomur verða á milli atriða. Kynnir er Aileen Svendsdóttir.

11.maí, þriðju-dagur

**Upp-lestur og tón-list
Kaffi Rót, Hafnar-stræti 17**

Tími: 18.00 (6)

Freddy Martinsdóttir Hesselmann flytur upplestur úr skáldsögu sinni „Rain is Beautiful“, en í henni er fjallað um lífið og listina undir áhrifum Aspergersheilkennisins. Fabúla verður með tónlistaratriði samþætt upplestrunum. Viðburðurinn verður endurtekinn 12. og 13. maí, miðvikudag og fimmtudag á sama tíma.

12. maí, miðviku-dagur

**Opið hús í Vinnu-stofum Skála-túns
Mos-fells-bær**

Tími: 11:00 – 17:30 (11 – hálf 6)

Fallegt handverk og listfagrir hlutir til sýnis og sölu. Heitt verður á könnunni og eru allir hjartanlega velkomnir.

15. maí, laugar-dagur

**Leiklistar-dagskrá án landa-mæra
Norræna Húsið, Sturlu-gataw 5,
Reykja-vík**

Tími: 14:00 (2)

Boðið verður uppá leiklist og aðrar uppákomur. Leiklistarnemar frá Menntaskólanum við Hamrahlíð sýna verkið „T...vist“. Sýningin er „Pinterísk“ nálgun á einræðum úr ýmsum áttum, sem falla saman í heildamynd sem unnin er af hópnum. Leikarar eru: Guðný Ósk Sveinbjörnsdóttir, Hugi Leifsson, Ingvar Örn Arngeirsson, Jón H. Geirfinnsson, Óskar Bragi Guðmundsson, Samuel Laporte, Stefán Geir Jónsson, Stefán Mekkinósson, Snædís Guðmundsdóttir og Puriður Blær Jóhannsdóttir. Leikstjóri er Margrét Guttormsdóttir.

18. og 19. maí, þriðju-dagur og miðviku-dagur

**Fjölskyldu-söng-leikurinn
Sarínó-Sirkusinn**

**Borgar-leikhúsið, Litla sviðið,
Lista-braut 3**

Tími: 19:00 (7)

Eftir Agnar Jón Egilsson og Hall Ingólfsson. Leikarar eru: Áslaug Lárusdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Guðrún Ósk Ingvarsdóttir, Gunnar Þorkell Þorgrímsson, Jakob van Oosterhout, Júlíus Pálsson, Karen Alda Mikaelisdóttir, Ólafur Snævar Aðalsteinsson, Ólafur S.K. Þorvaldz, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Steinunn Lárusdóttir, Þór J. Þormar, Þórný Helga Sævarsdóttir, Þórunn Arna Kristjánisdóttir og ofsalega frægur gestaleikari, ásamt fleirum. Leikstjóri er Agnar Jón Egilsson, tónlist og hljóðhönnun er í höndum Halls Ingólfssonar, danshöfundur er Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir sér um söngþjálfun og búninga hennar Svanhvít Thea Árnadóttir. Verkið er framleitt í samstarfi Listar án landamæra, Hins Hússins, Borgarleikhússins og Leynileikhússins. Sarínó sirkusinn er hættulegt leikrit með söngvum fyrir alla fjölskylduna. Flutningstími er u.þ.b. 100 mínútur með hléi.

Ath. Frítt er á sýningarnar en hægt er að panta sæti með því að senda tölvupóst á netfangið:
sirkusinn@gmail.com
Ef áhorfandi notar hjólastól, má gjarnan taka það fram.

Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir

1. maí, laugar-dagur

Hátíðar-dagskrá

Slátur-húsið, Menningar-setur

Tími: 14:00 (2)



Efri hæð: Kjuregej Alexandra Argunova myndlistarkona, söngkona og leikkona frá Jakútíu í Síberíu opnar ásamt austfirskum nemendum sínum stórglæsilega listsýningu í Sláturhúsinu.

Jarðhæð: „Geðveikt kaffihús“ að hætti Bláklukkna.

Frystiklefinn: Ljósmyndasýning Rauða krossins þar sem þemað er „flóttamenn“. Sýningar opnar frá 14-18 alla daga til 16. maí.

Kvöld-dagskrá

Slátur-húsið, Menningar-setur

Tími: 19:00 (7)

„Svangar skálar“ -- einstakt súpukvöld. Samstarfsverkefni Bláklukkna og Anne Kampp leirlistarkonu.

Þú kaupir þér súpu og brauð og færð að eiga skálin! Engar 2 eins, handunnar af Anne af einstakri snilld og kostgæfni. Aðeins 40 skálar í boði! Hægt er að panta skálar í síma 899-5715. Verð: Skál, súpa, brauð: 3.200 kr.

Útgáfutónleikar Kjuregej um kvöldið en Kjuregej hefur allan aprílmánuð unnið í eigin tónlist og í upptökum með austfirskum tónlistarmönnum.

www.listanlandamaera.blog.is



Vestur-land Borgar-nes og Ísa-fjörður

Borgar-nes

25. apríl, sunnu-dagur

Borg-firsk Alpýðu-list
Gallerí Brák, Lista-smiðja,
Brákar-braut 18
Tími: 15:00 (3)

Þetta er þriðja árið sem Borgfirskir Alpýðulistamenn hittast í Gallerý Brák í Borgarfirði til að vinna að listsköpun. Mætt er einu sinni í viku og unnir tveir tímar í senn. Frá upphafi hefur hópurinn unnið við glermálun, sandblástur, leir, klippimyndir, mosaik og akrýlmyndir. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að vinna hluti úr mosaik, mála gler og sandblása myndir. Leiðbeinandi er Ólöf Sigríður Davíðsdóttir Alpýðulistakona.

Alpýðulistamennirnir eru: Arnar Pálmi Pétursson, Árni Ásbjörn Jónsson, Eva Dögg Héðinsdóttir, Guðmundur Ingi Einarsson, Guðmundur Stefán Guðmundsson, Helga Björk Hannesdóttir, Helgi Sævar Sveinsson, Hildur Björnsdóttir, Valdís Hrönn Jónsdóttir og Ölver Þráinn Bjarnason. Sýningin mun standa til 9. maí.



Ísa-fjörður

1. júní, þriðju-dagur

Kaffi Lyst / List
Aðal-stræti 24
(gamla Bimbó leikfanga-búðin)
Tími: 14:00 – 18:00 (2-6)

Dagana 1. júní til 7. júní verður starfrækt kaffihús á Ísafirði. Boðið verður uppá kaffi og heimagera bakkelsi. Sýningar verða á listmunum og handverki auk ýmissa uppákoma.



Suður-nes Reykja-nes-bær

Grinda-vík

22. apríl, fimmtu-dagur

List-sýning í Náms-verinu

Sund-laug Grinda-víkur, Austur-vegur 1

Tími: 14:00 (2)

Listasýning nemenda í Námsveri Grunnskóla Grindavíkur. Sýningin stendur til 1. maí.

Garður

30. apríl, föstu-dagur

Fugl-arnir í Garð-inum

Víðs-vegar um Garðinn

List án landamæra í Garði mun standa yfir frá 30. apríl – 30. maí víðsvegar um Garðinn. Sameiginlegt listaverk, fugl, verður mótað smám saman allan mánuðinn. Tónlistarskólinn mun sjá um tónlistaratriði á öllum viðburðum og sýningum í bænum og tengja þær eins og glitrandi þráður.

Sam-eigin-legt lista-verk í stiga-ganginum

Bæjar-skrifstofur, Sunnu-braut 4

Tími: 14:00 (2)

Í anddyrinu eru hengdir upp fjöldi fugla af ýmsum stærðum og úr margs konar efniviði. Opíð frá kl. 9:00-15:30.

2. maí, sunnu-dagur

Opíð Hús í Heiðar-holti

Tími: 14:00 – 17:00 (2-5)

Opíð hús. Verkefni nemenda sýnd, kaffiveitingar. Fuglar hengdir upp á sameiginlegu sýningunni 3.-7. maí.

8. og 9. maí, laugar-dagur og sunnu-dagur

Sýning í Auðar-stofu.

Gerða-vegur 1

Tími: 14:00 (2)

Tónlist frá Tónlistarskólanum.

Vor-hátíð í Gerða-skóla

Garð-braut 90

Tími: 10:00 – 13:00 (10-1)

Vikuna 10.-13. maí verða fuglar hengdir upp á sameiginlegu sýningunni.

13. maí, fimmtu-dagur

Vor-tón-leikar Tón-listar-skólans,

Mið-garði, Gerðar-skóla,

Garð-braut 90

Tími: 17:30 (hálf-6)

Vortónleikar og skólaslit. Tónfluglar svífa.

20. maí, fimmtu-dagur

Vor-sýning í Gefnar-borg

Sunnu-braut 3

Tími: 14:00 (2)

Vikuna 25.-29. maí munu nemendur hengja upp fugla fyrir sameiginlega listaverkið.

29. maí, laugar-dagur

Handverks-sýning eldri borgara

Nes-vellir

Tími: 11:00

Glæsileg uppskeruhátíð handverksfólks. Daglegar uppákomur og kaffiveitingar. Allir velkomnir. Sýningin stendur til 7. maí frá kl. 13.00 – 18.00 .

Dag-skrá í Duus-húsi

Duusgata 2 – 8

Tími: 15:00 (3)

Listahátíð barna. Komið og skoðið undraheima hafsins á glæsilegri sam-sýningu allra 10 leikskóla Reykjanes-bæjar. Í Bíósal geta gestir tekið þátt í listasmiðju. Sýningin opnar 21. apríl og stendur til 2. maí. Leiðsögn á pólsku um Duushús, lista- og menningar-miðstöð Reykjanesbæjar, en þar eru ýmsar sýningar í gangi.

Reykja-nes-bær

1. maí, laugar-dagur

Ljós-mynda-sýning

Göngu-gatan Kjarna (Bóka-safnið),

Hafnar-gata 57

Tími: 13:00 (1)

Sýning á ljósmyndum úr ljósmynda-maráþoni grunnskólanema 5. - 10. bekkja. Opíð 13:00 – 16:00 laugardag og sunnudag. Aðra daga vikunnar 26.-30. apríl kl. 10-19.

6. og 7. maí, fimmtu-dagur og föstu-dagur

Himinn og haf

Hæfingar-stöðin, Hafnar-gata 90

Tími: 13:00 – 16:00 (1-4)

Listasýning þjónustunotenda Hæfingar-stöðvarinnar. Rut Ingólfssdóttir keramikar var listafólkinu innan handar við list-sköpunina.

8. maí, laugar-dagur

Opnunar-hátíð Listar án landa-

mæra í Reykja-nes-bæ

Frum-leik-húsið, Vestur-braut 17,

Tími: 13:00 (1)

Sýningin „Á bryggjunni“. Fléttudagskrá þar sem störfín á bryggjunni og sjávarfang er í forgrunni. Dans, söngur, hljóðfæraleikur, ljóðalestur og leiklist. Hópurinn kemur víða að, úr Hæfingar-stöðinni, Björginni, Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, úr grunnskólum bæjarinnar, Leikhúsinu suður með sjó og frá Leikfélagi Keflavíkur.

Aðstandendur verkefnisins eru:

Christine Carr, Elvar Geir

Sævarsson og Kristlaug María

Sigurðardóttir sem jafnframt

stýrir verkefninu.

Suður-land Vest-manna-eyjar, Sel-foss

...framhald af dagskrá Reykjanesbæ

Form-leg opnun sam-sýningarinnar Himinn og haf

Kross-mói,
verslunar-miðstöð (Nettó)

Tími: 14:00 (2)

Félagar í Björginni - Geðræktarmiðstöð Suðurnesja sýna verk unnin á námskeiði í apríl. Leitað var fanga í fjársjóði hafsins og himinsins sem umlykur það, auk manngerðra framsetninga þessara sömu fyrirbæra. Það sérstæða á heimaslóðum og það sammannlega sem tengir okkur öll við haf og himinn hvar sem við erum stödd á jörðinni.

Leiðbeinendur eru Inga Þórey Jóhannsdóttir og Guðbjörg Hjartardóttir Leaman. Sýningin stendur til sunnudagsins 16. maí.

Börn í dagþjónustu Ragnarsels sýna málverk og skúlpúra tengda hafinu, fjörinni, sjönunum og bátum. Rut Ingólfsdóttir keramikar hefur verið þeim innnan handar.



Listsýning þjónustunotenda Hæfingarstöðvarinnar undir yfirskriftinni Himinn og haf. Framhald sýningar sem þau settu upp í húsnæði sínu Hafnargötu 90 og var opin 29. og 30. apríl.

Rut Ingólfsdóttir keramikar vann með þeim að listsköpun sinni. Sýningin mun standa til 9. maí.

Vest-manna-eyjar 22. maí, laugar-dagur

Myndlista-sýning
Íþróttamiðstöð Vest-manna-eyja
Tími: 10:00

Um Hvítasunnuna hefur skapast sú hefð í Vestmannaeyjum að opna myndlistasýningu Listar án landamæra samhliða opnun fjölskylduhelgarinnar sem er árvið viðburður.



Á sýningunni í ár verða sýnd vatnslitaverk sem starfsmenn Hamars - hæfingarstöðvar hafa unnið. Viðfangsefnið er landslag og er nánasta umhverfi eyjanna einkennandi í verkunum. Við opnunina verður lesið upp úr bók Ólafs Jónssonar „Sögurnar hans Óla“ sem hann gaf út fyrir síðustu jól. Myndlistasýningin mun standa í sumar og gefst öllum gestum Íþróttamiðstöðvar tækifæri til að skoða myndverkin.



Sel-foss 5. maí, miðviku-dagur

Tón-leikar Kórs Fjöl-menntar og Ingós
Félags-heimili Karla-kórs Sel-foss,
Eyrar-vegur 67
Tími: 16:30 (hálf 5)

Söngsveit Langjökuls, sem er kór Fjölmenntar á Selfossi, og Ingó úr Veður-guðunum leiða saman hesta sína á stórbrotnum tónleikum í félagsheimili Karlakórs Selfoss. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



Norður-land

Akur-eyri, Sval-barðs-strönd, Húsa-vík

Akur-eyri og nágrenni

1. maí, laugar-dagur

Sól-heimar í Gríms-nesi 80 ára
Safna-safnið, Sval-barðs-strönd
Tími: 14:00 (2)



Eyfirskur safnadagur. Opnun á stórrí sýningu í Austursal Safnasafnsins. Sýnd verða verk í eigu safnsins og Sólheima í tilefni 80 ára afmælis Sólheima í Grímsnesi.
www.safnasafnid.is



Inn og út um gluggann
Safna-safnið, Sval-barðs-strönd
Tími: 15:30 (hálf 4)

Afhjúpun á skulptúrverki Geðlistar á bílastæðinu. Verkið í ár ber heitið „Inn og út um gluggann“ en skemmst er að minnast „Safnvarðarinn“ sem hópurinn afhjúpaði á List án landamæra 2009.

6. og 7. maí, fimmtu-dagur og föstu-dagur

Opið hús
Hæfingar-stöðin við Skógar-lund
Tími: 09:00

Opið hús og vormarkaður á Hæfingar-stöðinni. Opið er frá 9:00 – 11:00 og 13:00 – 15:30.

7. maí, föstu-dagur

Leik-ritið Ævintýra-stundin
Brekku-skóli, Laugar-gata
Tími: 17:00 (5)

Hugsanablaðran sýnir leikritið Ævintýrastundin. Leikendur: Elma Stefánsdóttir, Heiðar H. Bergsson, Kristín Björnsdóttir, Kristín Ólafsdóttir Smith, Sölvi R. Víkingsson, Vignir Hauksson. Kennari: Saga Jónsdóttir, leikkona.

8. maí, laugar-dagur

Hafið
Amts-bóka-safnið,
Brekku-gata 17
Tími: 11:00

Samsýning Fjölmennar á Amtsbókasafninu. Sýnendur eru: Aðalbjörg Baldursdóttir, Aðalheiður Arnþórsdóttir, Anna Ragnarsdóttir, Elísabet E. Hannesdóttir, Elma Stefánsdóttir, Guðrún Káradóttir, Gunnhildur Aradóttir, Heiðar H. Bergsson, Ingimar Valdimarsson, Jón Kristinn Sigurbjörnsson, Jón Óskar Ísleifsson, Kristín Ólafsdóttir Smith, Magnús Ásmundsson, Nanna Kristín Antonsdóttir, Pétur Ágúst Pétursson, Sigrún Baldursdóttir, Símon H. Reynisson, Sævar Örn Bergsson, Telma Axelsdóttir, Þorsteinn Sigurbjörnsson og Örn Arason.

Kennarar: Dögg Stefánsdóttir, Inga B. Harðardóttir, Margrét Steingrímsdóttir og Halla Birgisdóttir.

Hátíðar-dagskrá í Ketil-húsinu
Ketil-húsið, Lista-gilinu
Tími: 13:00 (1)

Hermann Jón Tómasson setur hátíðina.

Ljóðaflutningur Ragnheiðar Örnú Arnarsdóttur, en Liesel Theodórsdóttir túlkar eitt ljóðanna með dansi. Tónlistaratriði frá Finni Inga Erlendssyni og Brynjari Frey Jónssyni. Stefán J. Fjólán flytur ljóð. Hugsanablaðran flytur leikritið Ævintýrastundin og Þroskahjálp selur kaffi og meðlæti. Kynnir er Hulda Sif Hermannsdóttir.

Sam-sýning á Café Karó-línu
Kaup-vangs-stræti 23
Tími: 17:00 (5)

Opnun sýningar á verkum nemenda Fjölmennar. Sýnendur: Aðalheiður Arnþórsdóttir, Pétur Ágúst Pétursson, Anna Ragnarsdóttir, Elma Stefánsdóttir, Guðrún Káradóttir, Heiðar H. Bergsson, Ingimar Valdimarsson, Jón Kristinn Sigurbjörnsson, Jón Óskar Ísleifsson, Magnús Ásmundsson, Nanna Kristín Antonsdóttir, Símon H. Reynisson, Sigrún Baldursdóttir, Sævar Örn Bergsson, Þorsteinn Sigurbjörnsson og Örn Arason. Kennarar: Dögg Stefánsdóttir og Inga B. Harðardóttir.

15. maí, laugar-dagur

Opið hús í Lautinni
Brekku-gata 34
Tími: 13:00-16:00 (1-4)

Opið hús í Lautinni. Boðið verður upp á létt skemmtiatriði, kaffi og meðlæti.

Týnda Borgin
Bláa Kannan, Hafnar-stræti 96
Tími: 14:00 (2)

Ljósmyndasýning Finns Inga Erlends-sonar. Sýningin er afrakstur dvalar Finns í sígaunavögnum í Berlín þar sem fólk lifir utan samfélagsins.



Húsavík

8. maí, laugar-dagur

Fagur fiskur í sjó
Miðjan, Garðars-braut 21
(gamla póst-húsið)

Tími: 13:00 (1)

Sýning á verkum notenda og starfsfólks Setursins þar sem þemað er hafið og fjaran. Tónlist er í höndum notenda auk þess sem þeir munu bjóða upp á góðgæti úr hafinu.

Kindin Góða
Setrið, Ár-gata 12 (Snæ-land)
Tími: 14:00 (2)

Sýning á verkum notenda Setursins þema: íslenska kindin. Til sýnis verða munir úr ull, lopa og hrúthornum. Boðið upp á kaffiveitingar á vægu verði í Café Manía.

Myndir frá hátíðinni 2009



Safnvörður Geðlistar á Safnasafninu



Hátíð í Reykjanesbæ



Tónleikar Fjölmenntar í Salnum

Samstarfsaðilar:



HITT HÚSID
miðstöð ungs fólks



LIST
2010
ÁN LANDAMÆRA

Aðstandendur Sarínó Sirkusins

Styrktaraðilar:



Minningarsjóður
Fjólu og Lilju Ólafsdætra



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



RioTinto Alcan
ISAL-STRÁUMSVÍK



MENNINGARRÁÐ EYPINGS



RARIK ER MÁTTARSTÖLPI MENNINGAR Í EYPINGI

Iceland Express